



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað – 12. ágúst 2015

Varðar mál nr. 1507125 – Uppsagnir starfsfólks, fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar og VG

- 1) Hversu mörgum starfsmönnum hefur verið sagt upp eða verið tilkynnt um uppsögn í tengslum við þær skipulagsbreytingar sem meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks hafa boðað?

Svar: 12 starfsmönnum

- 2) Hvers vegna var starfsfólki aðeins tilkynnt munnlega um fyrirhugaðar uppsagnir en ekki með formlegum hætti?

Svar: Ákveðið var að leitast við að ná samkomulagi við starfsfólk. Ekki um að ræða samning ef fólk hefði verið sagt upp fyrir mánaðarmótin.

- 3) Hver er meðalaldur þeirra sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum, flokkað eftir sviðum?

Svar: Meðalaldur er 55,3 ár. Fjölskyldusvið: 51,3 ár. Stjórnsýslusvið: 57 ár. Umhverfis- og framkvæmdasvið: einn starfsmaður 60 ára. Skipulags og byggingarsvið: 65,5 ár.

- 4) Hversu margir af þeim sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum eiga innan við 10 ár í áætluð starfslok, m.v. 67 ára lífaldur og/eða fullan rétt til töku lífeyris.

Svar: Alls 6 starfsmenn sem eiga innan við 10 ár í áætluð starfslok og 1 sem á nákvæmlega 10 ár en hjá bænum getur fólk starfað til sjötugs. Við getum ekki svarað til um hvort fólk eigi fullan rétt til töku lífeyris ef það hefur starfað annars staðar en hjá Hafnarfjarðarbæ.

- 5) Hver er meðalstarfsaldur þeirra sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum, flokkað eftir sviðum?

Svar: 16 ár. Fjölskyldusvið: 14,3 ár. Stjórnsýslusvið: 23 ár. Umhverfis- og framkvæmdasvið: einn starfsmaður með 29 ára starfsreynslu. Skipulags- og byggingarsvið: 9 ár.

- 6) Hversu margir af þeim sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum hafa starfað í 20 ára eða meira fyrir Hafnarfjarðarbæ?

Svar: 4 starfsmenn.

- 7) Hver er áætlaður heildarkostnaður vegna greiðslu biðlauna þeirra sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum?

Svar: Rúmar 32 milljónir



HAFNARFJÖRÐUR

8) Hver er áætlaður heildarkostnaður vegna greiðslu launa í uppsagnarfresti þeirra sem ákveðið hefur verið að segja upp störfum?

Svar: 46 milljónir

9) Hvaða skipulagsbreytingar kalla á flutning starfsfólks á milli sviða og hvar hafa þær verið samþykktar?

Svar:

- Verkefni íþróttadeildar og forvarnar- og tómstundadeildar hafa verið færð undir fræðsluþjónustu. Tvær stöður verkefnastjóra frístundaheimila færast frá fjölskylduþjónustu. Önnur staðan flyst til fræðsluþjónustu og hin til stjórnsýslusviðs. Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi flyst frá fjölskylduþjónustu til fræðsluþjónustu.
- Yfirstjórn vinnuskólans flyst frá fjölskylduþjónustu til fræðsluþjónustu.
- Verkefni rekstrardeildar fjölskylduþjónustu verða samþætt fjármálasviði. Deildarstjóri og rekstrarfulltrúi á rekstrardeildar fjölskylduþjónustu flytjast á fjármálasvið. Rekstrarstjóri fræðsluþjónustu flyst einnig á fjármálasvið.
- Þjónustumóttaka félagsþjónustu verður samþætt starfsemi þjónustuvera. Afgreiðslufulltrúi flyst í þjónustuver.
- Ný miðlæg lögfræðiþjónusta kallar á tilflutning lögfræðinga frá fjölskylduþjónustu til stjórnsýslusviðs.
- Breyttar áherslur á skrifstofu bæjarstjóra kalla á tilflutning verkefnastjóra.

Rétt er að fram komi að fjöldi stöðugilda sem lögð eru niður er alls 16. Áætlaður sparnaður á ársgrundvelli er 127 milljónir.